



Byggðastofnun
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 130/506
komudagur 5.12.2003

Dagsetning
4.12.2003

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegsnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 255. mál, hafrannsóknafli, þorskeldiskvóti.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við þá breytingu á lögum sem frumvarpið felur í sér.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Ráðgjafi á próunarsviði Byggðastofnunar



FFSÍ

**FARMANNA- OG
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS**

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/486
komudagur 4.12.2003

**Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Austurstræti 8-10,
105 Reykjavík.**

Reykjavík 1. des. 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 255. mál, hafrannsóknarafli, þorskeldiskvóti.

FFSÍ gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
F.h.Farmanna og Fiskimannasambands Íslands

Árni Bjarnason



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/567
komudagur. 9.12.2003

Reykjavík, 03.12.2003
Tilv. 90.13
JS/sv

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla (254. mál, 130. löggj. þing 2003-2004) og lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða (255. mál)

Vísað er í erindi sjávarútvegsnefndar Alþingis um ofangreind málefni dags. 21. nóvember 2003.

Breyting á lögum um gjald vegna ólögmæts sjávarafla

Á undanförunum 6 árum hefur Hafrannsóknastofnunin fengið styrki til skilgreindra rannsókna og verkefna úr sjóði í vörslu sjávarútvegsráðuneytisins vegna upptöku ólöglegs sjávarafla sem hér segir (milljónir króna):

<u>Ár</u>	<u>Upptökusjóður</u>
1998	66,9
1999	36,6
2000	24,2
2001	41,1
2002	22,6
2003	0

Ljóst er að fjármunir þessir hafa skipt starfseminna verulegu máli og hafa ekki síst verið mikilvægir þegar upp hafa komið ófyrirséð verkefni eins og oft vill verða raunin í fiskifræðilegum rannsóknum við sýbreytilegar umhverfisaðstæður. Þó svo að mestur hluti tekna vegna ólögmæts afla hafi runnið til Hafrannsóknastofnunarinnar, drógust þessar tekjur saman á síðustu árum, m. a. vegna heimilda til að færa að landi allt að 5% afla utan heimilda viðkomandi skips sem síðar verður vikið að.

Verði þetta frumvarp að lögum mun það að öllum líkindum leiða til lakari aðgangis Hafrannsóknastofnunarinnar að ofangreindum fjármunum þar sem verkefni hins nýja sjóðs, Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, verða ekki bundin við hafrannsóknir og eftirlit með fiskveiðum, heldur við mun víðara svið en fram til þessa hefur verið skilgreint. Einnig er ljóst að verði stofnunin að sækja um rannsóknarfé með lengri fyrirvara en áður, munu fjármunir þessir ekki nýtast á sama hátt og fyrr þegar mæta hefur þurft ófyrirséðum verkefnum með stuttum fyrirvara.

Heimilisfang:
Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:
552-0240
Póstfax:
562-3790

Heimasíða:
<http://www.hafro.is/>
hafro/sjalf.html

Tölvupóstfang:
librarian@hafro.is

Á hinn bóginn má ætla að hert innheimta vegna ólöglegs sjávarafla muni auka ráðstöfunarfé væntanlegs Verkefnasjóðs sjávarútvegsins.

Breyting á lögum um stjórn flskveiða - breytt ráðstöfun fjármuna vegna reglu um löndunarheimild fyrir allt að 5% afla umfram aflamark skips og ráðstöfun aflaheimilda á þorski vegna kvíaeldis.

Í ljósi þess að fjármunir til ráðstöfunar vegna upptöku ólöglegs sjávarafla hafa skerst verulega undanfarin ár, og þar af leiðandi styrkir til Hafrannsóknastofnunarinnar eins og fyrr sagði, var tilkoma svokallaðrar 5% reglu mikilvæg viðbót fyrir rekstrarafkomu Hafrannsóknastofnunarinnar (96,9 millj. kr árið 2002; 133,9 millj. kr fram til 30.11. 2003). Með tilkomu þessa nýja tekjustofns reyndist unnt á s.l. ári og í ár að halda úti rannsóknaskipum stofnunarinnar með sæmilegu móti. Sem kunnugt er hafa miklar sviptingar verið á ástandi sjávar umhverfis Ísland undanfarin misseri og ár sem kallað hefur á aukid úthald rannsóknaskipa, einkum vegna mælinga á loðnu- og síldarstofnum. Útgjaldaauka samfara þessu aukna úthaldi hefði ekki verið hægt að mæta án tilkomu umrædds fjár. Þá reyndist einnig unnt að styrkja nokkuð aðra mikilvæga þætti starfseminnar í samræmi við langtímaáætlun stofnunarinnar er gildir fyrir árin 2002-2006.

Með því að láta alla fjármuni sem til falla vegna svokallaðrar 5% reglu renna í hinn nýja sjóð er augljóslega verið að þrengja rekstrarforsendur Hafrannsóknastofnunarinnar frá því sem nú er þar sem sjóðnum er ekki einvörðungu ætlað að þjóna hafrannsóknnum og eftirliti eins og fyrr sagði. Jafnframt er fjárveitingin háð samþykki sjóðsstjórnar og mun þannig hugsanlega skerða sjálfstætt verkefnaval stofnunarinnar og svigrúm til skjótra viðbragða þegar mikið liggur við. Það er hins vegar umhugsunarvert hvort ekki væri eðlilegast að í stað fjármögnunar hinnar mikilvægu starfsemi stofnunarinnar úr ofangreindum sjóðum kæmi til hækkunar fasts framlags stofnunarinnar í fjárlögum.

Varðandi yfirlærslu ónýttra aflaheimilda vegna tilrauna með áframeldi á þorski milli fiskveiðiára hefur Hafrannsóknastofnunin ekkert við slíkt að athuga enda taki stjórnvöld slíkar yfirlærslur til greina við endanlega ákvörðun heildaraflamarks.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Alþingi
Erindi nr. P 130/543
komudagur 8.12.2003



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.ulu.is

Nefndasvið Alþingis,
v/sjávarútvegsnefndar,
Austurstræti 8-10.
150 Reykjavík.

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 6. desember 2003.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða - Þskj. 275 – 255. mál.

Vísað er til bréfs dags. 21. nóvember 2003 þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990 – 255. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði breytingar á ákvæði til bráðabirgða XXIX í lögnum og þá er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða vegna ráðstöfunar aflaheimilda vegna tilrauna með áframeldi á þorski.

Við höfum í umfjöllun um ákvæði XXIX til bráðabirgða tekið þá afstöðu að rétt sé að gera þá tilraun sem í því felst enda er hér um tímabundna ráðstöfun að ræða. Við leggjum mikla áherslu á að áhrif þessa ákvæðis verði metið gaumgæfilega. Ljóst er að heimildir samkvæmt ákvæðinu auka veiðiálag og getur einnig beint veiðum í frekari mæli að smáfiski. Þar sem gildistími ákvæðisins er þetta fiskveiðiár og það næsta sjáum við ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þá breytingu sem lögð er til.

Við erum alfarið á móti að aflaheimildum sé ráðstafað með sértækum hætti og þar á meðal til tilrauna með áframeldi á þorski. Við leggjumst því alfarið gegn því að heimilað verði að flytja ónýttar aflaheimildir sem þessar milli fiskveiðiára.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 130/514
komudagur 8.12.2003



Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

7. desember 2003

Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 255. mál, hafrannsóknæfli, þorskeldiskvóti er eftirfarandi:

Landssamband smábátæigenda vekur athygli á að bráðabirgðaákvæði XXIX L. 38/1990 um stjórn fiskveiða (Hafróaflinn) fellur úr gildi 31. ágúst 2005. Þar sem þetta fyrirkomulag hefur reynst vel telur LS rétt að breyting verði gerð og ákvæðið haft ótímabundið.

LS gerir ekki athugasemd við 2. gr. frumvarpsins um að heimila ráðherra að samþykkja að ónýttar aflaheimildir til tilrauna með áframeldi á þorski frá fiskveiðiárinu 2002/2003 verði nýttar 2003/2004.

Virðingarfyllst


Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Alþingi - skrifstofa
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 130/513
komudagur 8.12.2003



Reykjavík 05. 12. 2003
TILVÍSUN: 2003110014
R0300268/115
HKrG/ev

Efni: Umsögn um 254. og 255. mál

Umsögn Rannsóknamiðstöðvar Íslands um :

1. frumvarp til laga um gjald vegna ólögmeats sjávarafla, 254. mál, rannsóknir og nýsköpun.
2. frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 255. mál, hafrannsóknarafla, þorskeldiskvóti.

Vakin er athygli á að með lögum nr. 3, 3. febrúar 2003 var Rannsóknarráð Íslands lagt niður og tók Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannís, að hluta til við hlutverki þess. Rannsóknamiðstöð Íslands gefur því hér umsögn um þessi frumvörp sem svar við beiðni sjávarútvegsnefndar Alþingis til Rannsóknarráðs Íslands í bréfi dagsettu 21. nóvember 2003.

1. Rannís telur æskilegt að samkeppi sé um fjármagn til rannsóknaverkefna og nýsköpunar.
2. Rannís fagnar þeirri viðleitni stjórnvalda að stækka og auka vægi þeirra sjóða sem veita styrki til rannsókna og nýsköpunar.
3. Rannís vill jafnframt benda á eftirfarandi:
 - a. Mikilvægt er að styrkir úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins verði veittir í samræmi við almenna stefnumótun Vísinda- og tækniráðs.
 - b. Mikilvægt er að Verkefnasjóður sjávarútvegsins veiti fáa styrki og stóra, frekar en marga og smáa. Styrkloforð þurfa að vera til nokkurra ára í senn. Reynslan sýnir að einungis þannig næst viðunandi árangur af rannsókna og þróunarverkefnum, sem nýtist atvinnugreinum.
 - c. Mikilvægt er að faglegt gæðamat sé ráðandi þegar valin eru verkefni til styrktar úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins
 - d. Hafrannsóknastofnun er ein mikilvægasta rannsóknastofnun Íslands, sem hefur verið í fararbroddi á alþjóðavettvangi á fjölmörgum sviðum rannsókna er varða lífríki hafsins og nýtingu þess. Rannsóknir á lífríki hafsins og nytjastofnum eru mjög kostnaðarsamar og mjög

krefjandi, hvorttveggja varðandi mannafla, rannsóknartæki og aðstöðu.




e. Í athugasemdum við frumvörpin kemur fram að fyrstu níu mánuði ársins 2003 hefur Hafrannsóknastofnun fengið 125 m.kr. til rannsóknaverkefna vegna upptöku ólögmæts sjávarafla, eða sem svarar til heildarkostnaðar af krefjandi rannsóknarleiðöngrum á r/s Árna Friðrikssyni í um 100 daga. Verði frumvörpin að lögum er ljóst að Hafrannsóknastofnun mun þurfa að sækja til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins um þetta fé í samkeppni á víðari grundvelli. Mikilvægt er að breyting þessi verði ekki til þess að svigrúm Hafrannsóknastofnunar til brýnna verkefna minnki.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Hans Kr. Guðmundsson".

Hans Kr. Guðmundsson
forstöðumaður



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

255.mál.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/515
komudagur 8.12.2003

Reykjavík 5. desember 2003.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 255. mál.

Um 1. gr.

Sjómannasamband Íslands var á sínum tíma mótfallið því að ákvæði til bráðabirgða XXIX yrði að lögum, enda verið að hlutast til um kjarasamninga sjómanna með ákvæðinu til viðbótar þeirri lagasetningu sem stjórnvöld stóðu fyrir á sjómenn í maí 2001 varðandi kjaramál sjómanna. Hins vegar má segja að sjómenn hafi látið þetta yfir sig ganga þar sem andvirðinu var varið til hafrannsókna.

Samkvæmt frumvarpinu á andvirði afla, skv. ákvæði til bráðabirgða XXIX í lögum nr.38/1990, að renna í sérstakan sjóð, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, í stað þess að renna til Hafrannsóknastofnunarinnar eins og segir í gildandi lögum. Jafnframt er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, 254. mál, þar sem gert er ráð fyrir því að ráðstöfun fjár úr þessum sjóði, sem er vegna ólögmæts sjávarafla, takmarkist framvegis ekki við hafrannsóknir og eftirlit með fiskveiðum.

Með þeirri breytingu sem verið er að leggja til skv. þessari grein frumvarpsins og með framlagningu þess frumvarps sem vísað er til hér að framan er ljóst að verið er að skerða verulega það fjármagn sem Hafrannsóknastofnunin hefur til hafrannsókna. Ekki verður séð að stofnuninni verði bættur þessi tekjumissir á nokkurn hátt.

Sjómannasamband Íslands mótmælir harðlega þeim áformum stjórnvalda að skerða tekjur Hafrannsóknastofnunarinnar með framangreindum hætti og hafnar alfarið þeirri breytingu á lögum nr. 38/1990 sem felst í greininni. Jafnframt er vísað í umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 37/1992 þar sem samsvarandi breytingu er einnig mótmælt.


Um 2. gr.

Sjómannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við greinina.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

Hólmgeir Jónsson
Hólmgeir Jónsson

Alþingi
Erindi nr. P 130/627
komudagur 15.12.2003



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 11. desember 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 frá 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, mál 255.

Frumvarpið er tvíþætt, annars vegar kveður það á um að andvirði svokallaðs hafrannsóknnafla renni í gjaldtökusjóð sem ætlunin er, til viðbótar við núverandi markmið hans, að nýta til rannsókna, nýsköpunar og eftirlits. Samkvæmt bráðabyrgða ákvæði gildandi laga rann andvirði aflanns til Hafrannsóknastofnunar.

Hins vegar er sett fram tillaga um að heimilt verði að flytja ónýttann þorskeldiskvóta frá fiskveiðiarinu 2002-2003 til fiskveiðiarins 2003-2004.

Vélstjórafélag Íslands setur sig ekki upp á móti efnisatriðum frumvarpsins en tekur farm hvað varðar markmið nefnds sjóðs að þá verði þess gætt að væntanlegum fjármunum hans verði fyrst og síðast varið til hafrannsókna og alveg sér í lagi til þróunar veiðarfæra.

Virðingarfyllst
f.h. Vélstjórafélags Íslands

Helga Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!